



Reykjavík, 26. janúar 2022
SFS22020149

Til skóla- og frístundaráðs
Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins varðandi einstaklingsmiðaða þjónustu

Á 214. fundi skóla- og frístundaráðs, 24. ágúst 2021 lagði skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Öryrkjabandalag Íslands og lögmaður fjögurra fatlaðra barna hafa stigið fram og segir að einstaklingsmiðaða þurfi þjónustuna að börnunum. Hótað er málsókn ef ekki verði úr bætt. Hvernig ætlar skóla- og frístundasvið að bregðast við ásökunum sem fram eru bornar í málum þessara fjögurra fötluðu barna sem ekki fá þörfum sínum mætt í grunnskólum borgarinnar. Sama gildir um fjölmörg önnur börn og má ætla að verði lögsótt í málum þessara fjögurra muni fleiri fylgja á eftir. Fulltrúi Flokks fólksins hefur margoft bent á að skóli án aðgreiningar sé vanbúinn og geti þ.a.l. ekki sinnt þörfum allra barna. Réttindi fatlaðra barna til náms eru brotin í grunnskólum landsins vegna þess hversu vanbúinn hann er að sinna þörfum barna með ólíkar þarfir. Til að skólar án aðgreiningar standi undir nafni þurfa þeir að bjóða upp á alla þá fjölbreyttu þjónustu sem börn kunna að hafa þörf fyrir. Í grunnskólum borgarinnar er auk þess langur biðlisti eftir lögbundinni þjónustu eins og þjónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga. Nú bíða 1.484 börn eftir þjónustu skólalþjónustu grunnskólanna og má ætla að í þeim hópi séu fjölmörg börn með sérþarfir.

Svar:

Erindi það sem vitnað er til í fyrirspurn liggur ekki fyrir og er í svari þessu fjallað almennt um skyldur sveitarfélagsins þegar kemur að einstaklingsmiðuðum þörfum barna. Engu að síður er tekið fram að ekki er um tæmandi talningu laga og reglna sem geta komið til álita í tengslum við málið.

Helstu ákvæði laga og samþykktir er varða fyrirspurn

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er grunnskóli vinnustaður nemenda. Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskóli skal í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna. Nemendur eiga rétt á því að njóta bernsku sinnar í öllu starfi á vegum skólans. Þess skal gætt að vinnuálag í skóla sé hæfilegt þannig að nemendur fái nægjanlega hvíld frá skipulögðu starfi innan hvers skóladags og skólaárs, svo sem með samfelldu jóla- og páskaeyfi. Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólastarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá. Taka skal tillit til sjónarmiða þeirra eins og unnt er.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga um grunnskóla skal hver nemandi hafa umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og stuðlar að því að efla samstarf skóla og heimila.

Að lokum kemur fram í 3. mgr. 13. gr. laga um grunnskóla að nemendur skuli eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa.

Í 17. gr. laga um grunnskólar er fjallað um nemendur með sérþarfir en þar kemur eftirfarandi fram:

„Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.

Nemendur sem að mati læknis geta ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda eiga rétt til sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun. Sjúkrakennsla er á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags.

Telji foreldrar barns, skólastjórar, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla geta foreldrar sótt um skólavist fyrir barnið í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla.

Verði ágreiningur um fyrirkomulag skólavistar barns skal við úrlausn hans gæta ákvæða stjórnsýslulaga. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af áliti sérfræðinga og með heildarhagsmuni barnsins að leiðarljósi. Ákvörðun er kæránleg samkvæmt fyrir mælum 47. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar og málsmeðferð. Þegar ráðuneytið kveður upp úrskurð í málum sem því berast á grundvelli þessarar greinar er því heimilt að mæla nánar fyrir um fyrirkomulag skólavistar nemanda og skyldur sveitarfélags í því efni.“

Með stoð í framangreindu ákvæði hefur verið sett reglugerð nr. 585/2010 um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum sem sjá má hér:

<https://island.is/reglugerdir/nr/0585-2010>

Í 40. gr. laga um grunnskóla er fjallað um skipulag og framkvæmd skólapijónustu en þess má geta að í 2. mgr. 40. gr. kemur fram að í grunnskólum skuli frá upphafi skólagöngu nemenda unnið að forvarnastarfi með skimunum og athugunum á nemendum til að tryggja þeim kennslu og námsaðstoð við hæfi. Auk þess skal fara fram greining á nemendum sem eiga í sálrænum eða félagslegum erfiðleikum sem hafa áhrif á nám þeirra. Allar athuganir á vegum skóla sem varða einstaka nemendur skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra og óheimilt er að taka gjald fyrir slíkar athuganir. Greina skal foreldrum frá niðurstöðum slíkra athugana.

Með stoð í framangreindu ákvæði hefur verið sett reglugerð nr. 444/2019 um skólapijónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum sem sjá má hér:

<https://island.is/reglugerdir/nr/0444-2019>

Með nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem tóku gildi þann 1. janúar 2022 er öllum þeim sem koma að vinnu með börnum skylt að efla samstarf og vinna út frá hugmyndafræðinni um skóla fyrir alla. Fram kemur meðal annars í 1. gr. laganna að þeir sem bera ábyrgð samkvæmt lögum skuli fylgjast með velferð barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu og bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur.

Í 1. mgr. 16. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfi kemur fram að sveitarfélög skulu bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla og henni lýkur þegar

viðkomandi lýkur framhaldsskóla. Þjónustan skal vera einstaklingsmiðuð og á því formi sem best hentar viðkomandi. Veita skal þjónustu vegna fötlunar samhliða almennum frístundatilboðum, eins og mögulegt er. Þessi þjónusta skal að jafnaði taka mið af metnum stuðningsþörfum og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns eða ungmennis.

Menntastefna Reykjavíkur, „Látum draumana rætast“ miðar því að láta drauma barna í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík rætast auk þess sem unnið er eftir stefnu skóla- og frístundasviðs um skóla án aðgreiningar.

Samþykkt um Betri borg fyrir börn

Með samþykkt skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs frá 8. júní 2021 og borgarráðs þann 10. júní 2021 var tekin ákvörðun um að innleiða í öll þjónustuhverfi borgarinnar verkefnið Betri borg fyrir börn – markvissara samstarfs skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

Með innleiðingu laga um farsæld barna sem vísað er til hér að framan er verið að stefna að því að börn og foreldrar sem áður hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Þetta krefst þess að starfsfólk í skóla- og frístundastarfi, velferðar-, skóla- og frístundaþjónustu fylgist með velferð og farsæld barna og foreldra og meti þörf fyrir þjónustu. Þau bregðist við þörf barna og foreldra á skilvirkan hátt. Þau hafi samráð sín á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.

Nú er innleiðingarferli verkefnisins Betri borg fyrir börn hafið og frá 1. janúar sl. voru settar á laggirnar nýjar fagskrifstofur leik-, grunn- og frístundamála í fjórum borgarhlutum m.a. með ráðningu nýrra fagstjóra í hverju hverfi. Fagskrifstofurnar eru staðsettar á sama stað og þjónustumiðstöðvar í borgarhlutum m.a. með það að markmiði að efla skilvirkni og samstarf fagaðila.

Umsögn skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundasvið fer eftir lögum um grunnskóla auk annarra laga og reglna sem fylgja ber í tengslum við skólagöngu barna. Skóla- og frístundasvið hefur miklar væntingar um að með þessum viðamiklu breytingum sem lýst er hér að framan hvað varðar Betri borg fyrir börn eflist enn frekar þjónusta við öll börn og fjölskyldur þeirra í Reykjavík.